

Fundargerð 118. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 7. desember 2017 kl. 12:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Andrés Bjarnason, Símon Guðvarður Jónsson Þorsteinn Hjálmarsson og Guðni Elísson

Fjarverandi: Jón Jóhannsson og Guðmundur Sigurvinsson

Dagskrá :

1. Ný ríkisstjórn
 2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
 3. Fjárhagsáætlun VM 2018
 4. Reglur um kynningu frambjóðenda
 5. Styrkir til hjálparsamtaka
 6. Yfirlit um ávöxtun
 7. Lagt fram til upplýsingar
- Önnur mál

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 117

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

- Ný ríkisstjór tekin til starfa og hún hefur lagt fram 40 síðna stjórnarsáttmála og vonandi stendur sig bara vel.
- Vísanirnar sem Verðlagsstofa fór loksins í á Vinnslustöðina og Ísfélagið töpuðust. Framganga SFS í að verja þessi fyrirtæki er ekki í anda þess sem talað var um undir lok kjarasamnings fyrr á árinu. Það sem er að koma í bakið á okkur er fiskverðssamningar milli útgerða og áhafna.
- Hvalaskoðun þokast áfram. Ef fara þarf í aðgerðir verða þær í mars eða apríl. Ekki er búið að boða næsta samningafund en stefnt er að honum fyrir jól.
- Breytingar eru í Helliðsheiðavirkjun, verið að breyta vinnufyrirkomulagi í virkjuninni. Styttu a vinnutímann í 8 tíma og vöktun verður í Reykjavík.
- Endanleg niðurstaða í Akksmálinu á að liggja fyrir upp úr kl. 15 í dag.
- Tillagan um endurskoðun á lögum sjómannaþagsráðs hefur aldrei verið tekin fyrir hjá þeim. Við vildum breyta henni og leggja fyrir aftur en það var felld.

3. Fjárhagsáætlun VM fyrir árið 2018

Áætlunin var lögð fram. Nokkrar spurningar voru við einstaka liði. Fjárhagsáætlunin var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Reglur um kynningu frambjóðenda

Kjörstjórn fundaði í gær og lagðar voru fram reglur og kynning á tímasetningum vegna formanns- og stjórnarkosninga. Þetta kom bara inn á vefinn í morgun þannig að formaður gaf mönnum tíma til að lesa yfir. Ákveðið var að leyfilegt væri að senda 5 fjölpósta og dagsetningarnar væru ákveðnar fyrir fram og starfsmaður á skrifstofu myndi sjá um það og að tilkynna hvaða dagar þetta yrðu. Þessi tillaga var samþykkt af 6 stjórnarmönnum en 2 voru á móti. Á heimasíðu félagsins þarf að láta útbúa sér kassa þar sem formanns og stjórnarkjör verður.

5. Styrkir til hjálparsamtaka

Farið var yfir hvaða hjálparsamtök hefðu fengið styrk á síðasta ári og óskaði eftir tillögum frá stjórnarmönnum um hvað ætti að gera núna. Ákveðið var að styrkja Hjálparstarf kirkjunnar um kr. 300.000, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur um kr. 200.000 og Samstarf Mæðrastyrksnefndar Akureyrar, Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðishersins á Akureyri og Rauða krossins við Eyjarfjörð kr. 200.000.

6. Yfirlit um ávöxtun

Lög voru fram yfirlit yfir ávöxtun frá Íslandsbanka, Arion banka og Kviku banka. Raunávöxtun hjá þessum aðilum fyrstu 10 mánuði ársins er í kringum 3%.

7. Lagt fram til upplýsinga

- Skýrsla um árangur Virk

8. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 15:00